

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

Styrkir sem veittir eru úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna vegna alvarlegra veikinda.

Styrkir sem veittir eru úr minningarsjóðum sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2007.

Fjármálaráðuneytinu, 27. október 2006.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.